

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Í FERÐAÞJÓNUSTUNNI DÆLI
ÞRIÐJUDAGINN 14.FEBRÚAR 2012**

Þriðjudaginn 14. febrúar 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar í Ferðaþjónustunni í Dæli í Víðidal í Húnpingi vestra. Mættir voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Undir 2. Lið sátu fundinn Smári Ólafsson og Hafliði B. Jónsson frá VSÓ.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar** – lögð fram til kynningar.
2. **Almenningssamgöngur - staða mála og næstu skref.** Til fundarins voru mættir Smári Ólafsson og Hafliði B. Jónsson frá VSÓ ráðgjöf. SSNV hefur framlengt samninga við Bíla og fólk til 1. september 2012 meðan unnið er að undirbúningi útboðs. SÓ og HJ fóru yfir hugmyndir að leiðakerfi og kynnti drög að tímatöflu. Einnig lögðu þeir fram til kynningar gögn frá Strætó bs vegna leiðkerfis á Suðurlandi og lögðu fram minnisblað um verklag útboðsvinnunnar. Umræður urðu um undirbúning útboðs á almenningssamgöngum á Norðurlandi vestra. Stjórn samþykkir að leita viðræðna við Strætó bs varðandi fyrirhugað útboð. Formanni og framkvæmdastjóra falið að funda með fulltrúum Strætó bs.
3. **Sóknaráætlun landshluta – staða mála og næstu skref.**
Lögð fram eftirfarandi gögn til kynningar.
 - a. Bréf Innanríkisráðuneytisins/Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags 28. Desember, vegna umsókna landshlutasamtakana vegna endurgreiðslu á kostnaði vegna verkefnisins sóknaráætlun landshluta.
 - b. Tölvupóstur Stefaníu Traustadóttur úr Innanríkisráðuneyti dags 21. desember 2011, varðandi þau verkefni sem sett voru í fjárfestingaáætlun 2012.
 - c. Bréf frá Héðni Unnsteinssyni, forsætisráðuneyti, dags.16. janúar 2012 vegna sóknaráætlunarvinnu 2012.
 - d. Bókun svf. Skagafjarðar frá 19. janúar 2011 varðandi rökstuðning vegna þeirra verkefna er varða Skagafjörð.

Umræður urðu um málið og næstu skref.

4. **12. mánaða rekstaryfirlit SSNV og SSNV atvinnuþróunar.** Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
5. **Samningur við Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi.** Samkvæmt samningum er gert ráð fyrir að SSNV skipi einn stjórnarmann. Stjórn samþykkir að framlag SSNV vegna samningsins verði kr 1 milljón vegna ársins 2012. Jafnframt skipar stjórn Bjarna Jónsson sem aðalfulltrúa og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóra sem varafulltrúa SSNV í stjórn Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi.
6. **Menningarsamningar - skipting viðbótarfjármagns vegna breytinga á úthlutun safnliða fjárlaga.** Lögð fram ákvörðun mennta og menningarmálaráðuneytisins um skiptingu viðbótarframlags til Menningarsamninga landshluta sem til er komið vegna breytinga á úthlutun safnliða fjárlaga. skv. ákvörðun ráðuneytisins koma 10,3 milljónir króna í hlut Menningarsamnings Norðurlands vestra.

Stjórn SSNV mótmælir harðlega og lýsir yfir mikilli undrun á ákvörðun mennta og menningarmálaráðuneytisins um skiptingu fjármagns milli menningarsamninga landshlutana vegna breytinga á úthlutun safnliða fjárlaga. Minnt er á yfirlýsingar m.a formanns fjárlaganefndar um að breytingarnar ættu ekki að skerða framlög til þeirra verkefna sem fjárlaganefnd hefur styrkt en falla nú undir viðbótarframlög til menningarsamninga umfram almenna aðhaldskröfu fjárlaga. Stjórnin bendir á að í fjárlögum fyrir árið 2011 voru 16 milljónir króna til þeirra verkefna á Norðurlandi vestra sem falla undir skilgreiningu um styrkhæf verkefni, en samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins koma einungis 10,3 milljónir í hlut Menningarsamnings Norðurlands vestra sem er skerðing um tæp 36% milli ára. Þessi skerðing kemur til viðbótar mikilli skerðingu til Menningarsamnings Norðurlands vestra en framlög ríkisins til þess samnings hafa verið skert um 28% frá árinu 2008. Stjórnin óskar þess að menntamálaráðherra og þingmenn NV kjördæmis beiti sér fyrir leiðréttingu á framlögunum og samþykkir jafnframt að engir samningar verði undirritaðir meðan unnið er að leiðréttingu.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með Mennta og menningarmálaráðherra vegna málsins.

7. **Erindi til forsætisráðherra vegna stöðu landshlutans.** Umræður urðu um samskipti við forsætisráðuneytið vegna óskar um fund með forsætisráðherra. Stjórn SSNV vill taka fram eftirfarandi vegna fréttatilkynningar forsætisráðuneytisins frá 10. febrúar s.l um samskipti ráðuneytisins og SSNV.

Tæpum þremur mánuðum eftir að erindi var sent á forsætisráðherra og þáverandi fjármálaráðherra hafa engin formleg svör borist. Óskað var eftir fundi til að ræða alvarlega stöðu Norðurlands vestra í ljósi mikillar fólksfækkunar, niðurskurðar og tilflutnings starfa af hálfu ríkisins. Í erindinu var stöðunni lýst og settar fram tillögur um viðbrögð. Ítrekanir á erindinu hafa ekki borið árangur. Það er engu að síður enn einlægur vilji stjórnar SSNV að æðstu ráðmenn landsins verði við ósk um fund eins fljótt og verða má svo leggja megí á ráðin um hvernig snúa megí við þessari alvarlegu þróun í landshlutanum. Íbúar á NV trúa því ekki að fólk sem trúað er fyrir landstjórninni af bæði þjóðinni og alþingi velji að snúa baki við heilu landshlutunum.

Starfsmaður í Forsætisráðuneytinu bauð nýverið í símtali upp á fund þann 9. febrúar ásamt ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra úr Innanríkisráðuneytinu. Án þess að lítið sé gert úr starfsfólki ráðuneytisins, þá skal áréttað að óskað var eftir fundi með forsætisráðherra og oddvitum ríkisstjórnarinnar og milliliðalausum samskiptum á milli forsvarsmanna tveggja stjórnarsýslustiga, sveitarfélaga á NV og ríkisstjórnarinnar. Minnt er á að ráðherra sjálf hefur ekki enn fallist á að hitta fulltrúa SSNV þrátt fyrir að erindi þar um sé tæplega þriggja mánaða gamalt.

SSNV telja sig ennfremur knúin til að leiðrétta fullyrðingu sem fram kemur í fréttatilkynningu ráðuneytisins þar sem fram kemur að rúmlega 90 milljónir króna hafi komið í hlut tveggja verkefna á Norðurlandi vestra sem samþykkt voru af ráðherranefnd um ríkisfjármál vegna fjárlaga ársins 2012 í tengslum við Sóknaráætlun landshluta. Til leiðréttingar vísast til fylgiskjals með

fréttatilkynningu um úthlutunina frá forsætisráðuneytinu þann 25. nóvember 2011. Hið rétta er eins og þar kemur fram, að alls komu 32,8 milljónir til tveggja verkefna á svæðinu. 30 milljónir til hitaveitulagningar frá Reykjum til Skagastrandar sem eru 6,3% af heildarkostnaði og 2,8 milljónir til Dreifnáms í Húnaþingi vestra sem eru 70% af heildarkostnaði. Með þessu er ekki á neinn hátt gert lítið úr stuðningi ríkisins við áðurgreind verkefni heldur eingöngu leiðréttar staðreyndir í á margan hátt villandi yfirlýsingu frá forsætisráðuneytinu á dögnum.

Stjórn SSNV ítrekar óskir sínar og vilja til að eiga gott samstarf við forsætisráðherra og starfsmenn ráðuneytisins við að finna leiðir til nýtingar hinna fjölmörgu tækifæra sem eru til staðar á Norðurlandi vestra, íbúum svæðisins og landsmönnum öllum til heilla.

8. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð stjórnar SASS frá 3. febrúar 2012. Lagt fram til kynningar
- b. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 27. janúar 2012. Lögð fram til kynningar.

9. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar

- a. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343 mál. Gerir ekki athugasemdir.
- b. Tillaga til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, 342 mál. Gerir ekki athugasemdir.
- c. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014, 440 mál. Stjórn felur þjónustuhópi að veita umsögn.
- d. Frumvarp til laga um menningarminjar, 316 mál. Veitir ekki umsögn.
- e. Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. Mál. Veitir ekki umsögn
- f. Frumvarp til laga um frávík vegna styrkja úr sjóði er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki Evrópusambandsins, 376 mál. Stjórn SSNV telur eðlilegt að á tímum skattahækkana sem bitnar hart á almenningi og fyrirtækjum að hið sama sé látið gilda um þessa styrki og jafnræðis gætt.

10. Önnur mál.

- a. Ósk stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða um fund með stjórn SSNV. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá ósk Fjórðungssambands Vestfjarða um sameiginlegan fund stjórnar SSNV og FV. Stjórn tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra undirbúning.
- b. **TAIEX námsferðir.** Lagður fram tölvupóstur frá Önnu Guðrúnu Björnsdóttur frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga dags 6. febrúar 2012 þar sem fram kemur að búið að samþykkja Taiex-ramma fyrir janúar-ágúst 2012.
- c. **Sameiginleg barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir gangi mála varðandi vinnu starfshópsins sem um málið fjallar. Stjórn samþykkir að greiðslu allt að 400 þúsund króna vegna kostnaðar við sérfræðiráðgjöf vegna þessarar vinnu.

d. Endurskoðun fjárhagsáætlunar bs um málefni fatlaðra 2012. Skúli Þórðarson lagði fram bókun frá sveitarstjórn Húnaþings vestra vegna endurskoðunar á fjárhagsáætlun bs um málefni fatlaðra og spurðist fyrir um stöðu endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2012.

e. Fundur með þingmönnum NV kjördæmis 31. janúar 2012.

Á fundinum voru rædd eftirfarandi atriði.

- Nefnd um eflingu Norðurlands vestra og ósk um fund með forsætisráðherra
- Atvinnuuppbygging og nýtingu orku Blönduvirkjunar.
- Menningarsamningur.
- Samgönguáætlun 2011-2022.
- Staða stofnana á Norðurlandi vestra.
- Réttláta hlutdeild sjávarbyggða í afgangi af sjávarauðlindinni.
- Innanlandsflug til Sauðárkróks og Dreifnám í Húnaþingi vestra.

Rætt um eftirfylgni vegna atriða sem voru rædd á fundinum gangvart þingmönnum.

f. Framlag til atvinnuþróunarfélagana 2012. Lagður fram tölvupóstur frá Bygðastofnun dags. 9. febrúar 2012 þar sem fram kemur að stjórn stofnunarinnar hefur samþykkt skiptingu framlaga til atvinnuþróunarfélagana 2012. Framlag til SSNV atvinnuþróunar nemur kr.19.186.299 sem er hækkun um 2,98% milli ára.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari